




Reykjavík 20.06.2024

Varðar: Suðurlandsbraut 6 – (fsp)

Skoðuð er fyrirspurn Ólafar Flygenring arkitekts, dags. 25.05.2024, þar sem spurt er hvort stækkun á húsinu að Suðurlandsbraut 6 skv. fyrirspurnarteikningum, dags. maí 2024, sem fylgja erindi, teljist uppfylla skilyrði deiliskipulags. Erindi fylgja uppdrættir ódagsettir ásamt uppfærðum uppdráttum frá 18.06.2024.




Fyrirspurnarteikningar




Skipulagsleg staða:

Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 sem sýnir lóðina á Miðsvæði (M2)

Í gildi er deiliskipulag Suðurlandsbrautar, Hallarmúla, Ármúla og Vegmúla, m.br. samþ. 31.08.2023.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Gildandi deiliskipulag

Umsögn:

Skv. gildandi deiliskipulagi er heimild fyrir hækkun millibyggingar í 6 hæðir með allt að 5 íbúðum ásamt byggingu svala á 4. – 6. hæð suðurhlíðar. Svefnherbergi íbúða skulu snúa frá umferðagötu og notast skal við þrefalt gler og hljóðdempandi lofttúður. Skv. skilmálabreytingu um heimild fyrir íbúðum, samþ. 25.08.2006, eru sett skilyrði um dvalarsvæði fyrir íbúa á baklóðum.

Bent er á að í gildandi deiliskipulagi er krafa um 1 bílastæði á íbúð en ekki er gert ráð fyrir fjölgun bílastæða heldur samnýtingu þeirra bílastæða sem fyrir eru.

Niðurstaða:

Jákvætt er tekið í fyrirspurnarteikningar enda sýna þær skrifstofurými á 2. hæð þar sem ekki er hægt að uppfylla skilyrði deiliskipulags um íbúðir.

F.h. Skipulagsfulltrúans í Reykjavík

Sigríður Maack, arkitekt og verkefnisstjóri